

Föstudaginn 18. desbr. 1925.

Nr. 40/1925.

Chr. B. Eyjólfsson

gegn

**Ole P. Blöndal f. h. póststjórnar
Íslands.**

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Chr. B. Eyjólfsson, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju í hæstarjetti. — Svo greiði hann og stefnda, Ole P. Blöndal f. h. póststjórnar Íslands, sem látið hefir mæta í málinu, 40 kr. í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. desbr. 1925.

Nr. 54/1925.

Valdstjórnin (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Helga Eiríkssyni (B. P. Kalman).

Bruggun og sala öls með ofmiklu áfengismagni.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 12. okt. 1925: Kærður, Helgi Eiríksson, greiði 400 króna sekt til ríkissjóðs og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Sje hin ídæmda sekt eigi greidd innan 14 daga frá lögbirtingu dóms þessa komi í stað hennar 23 daga einfalt fangelsi.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Af ástæðum þeim, er tilgreindar eru í hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu að 25 daga einfalt fangelsi

á að koma í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, 60 kr. til hvors.

Þvi dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardóminum skal óraskað, þó þannig að 25 daga einfalt fangelsi komi í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

Kærði Helgi Eiríksson greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, hæstarjettar-málflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Björns P. Kalman 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjada dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Helga Eiríkssyni Lokastíg nr. 4 hjer í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 25 frá 3. nóvember 1915 um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja o. fl. og laga nr. 15 frá 3. júní 1925 um aðflutningsbann á áfengi og eru málavextir þeir sem nú skal greina.

Kærdur kveðst hafa lifað á hvítölsbruggun eingöngu síðastliðin 2 ár. Ölið bruggar hann á Laugaveg 19 en selur það í búð á Laugaveg nr. 12, bæði til neyslu á staðnum og út úr húsinu. Miðvikudaginn 9. f. m. fóru tveir lögregluþjónar inn í búðina, keyptu öl á heilflösku úr tunnu, sem gestunum var selt úr, komu henni samstundis á Efnarannsóknarstofu ríkisins, ljettu rannsaka alkoholinnihald ölsins og reyndist það 2,95% eftir rúmmáli. Hefir lögreglustjóri síðan kært Helga fyrir brot gegn framangreindum lögum.

Kærður kveðst fyrripartinn í sumar hafa haft ölmæli og þá einatt mælt ölið og gætt þess, að það væri eigi of sterkt. Snemma í sumar kveður hann mælirinn hafa brotnað og hafi hann síðan áætlað áfengisstyrkleika ölsins og talið sjer óhætt að reiða sig á það með því að hann hafi 30 ára reynslu í ölbruggun. Hann hefir ekki vjefengt skýrslu Efnarannsóknarstofunnar um styrkleika ölsins og telur það öl er rannsakað var, muni hafa mjög svipaðan styrkleika og annað öl, sem hann hafi að undanförunu bruggað og selt.

Í lögnum nr. 25/1915 er bannað að búa til eða brugga drykki, er meira sje í af vínanda eða alkoholi en $2\frac{1}{4}\%$ að rúm-máli og lögin nr. 15/1925 leggja bann við því, að selja slíka drykki. Kærður hefir því með bruggun og sölu ölsins gjörst brot-
legur gegn ákvæðum beggja laganna og þykir refsing sú, er hann, sem eigi hefir áður sætt kærú eða refsingu fyrir brot gegn áfengis-
löggjöfinni hjer í umdæminu, eftir 3. gr. laganna frá 1915 og 14. gr. laganna frá 1925 hefir unnið til fyrir það, hæfilega ákveð-
in 400 króna sekt til ríkissjóðs, er greiðist innan 14 daga frá
lögbirtingu dóms þessa, en afplánist að öðrum kosti með 23 daga
einföldu fangelsi.

Svo greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á rekstri málsins hefir enginn óþarfur dráttur orðið.